

Fimmtudaginn 16. maí 1991.

Nr. 303/1989. **Andri hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Jóni Oddssyni

(sjálfur)

og gagnsök.

Málflutningslaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1989. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1989. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 478.300 krónur með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. ágúst 1988 til 1. september s.á., 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október s.á. og dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989, og reiknist síðan af þannig samantlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988 og 5. gr. laga nr. 67/1989.

Mál það, sem gagnáfrýjandi fór með af hálfu aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, var í héraði höfðað sem áskorunarmál samkvæmt lögum nr. 97/1978 og málsóknin byggð á ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt 208. gr. laga nr. 85/1936 verður aðeins komið að takmörkuðum vörnum í málum, sem réttilega eru höfðuð sem víxilmál, nema aðilar verði á annað sáttir. Hafði aðaláfrýjandi

falið öðrum lögmanni að gæta hagsmuna sinna við meðferð málsins í héraði, en þingsókn féll niður.

Með dómi Hæstaréttar 19. maí 1988 var dómsathöfn héraðs-dómarans felld úr gildi af ástæðu, sem honum bar að gæta sjálf-krafa, og var málinu vísað frá héraðsdómi. Efnisdómur gekk því ekki í málinu.

Aðaláfrýjandi greiddi í upphafi 85.000 krónur upp í þóknun fyrir störf gagnáfrýjanda og bauð síðan fram til viðbótar 35.000 krónur. Taldi hann þá komna hæfilega greiðslu fyrir störf gagnáfrýjanda.

Þegar litið er til þess, hvers eðlis mál það var, sem gagnáfrýjandi fór með fyrir aðaláfrýjanda, og þess, hverjar lyktir þess urðu, þykir aðaláfrýjandi þegar hafa innt af hendi og boðið fram næga greiðslu fyrir störf gagnáfrýjanda. Er þá einnig tekið tillit til kostnaðar við að útbúa ágrip dómsgerða, sem hann sá um.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Andri hf., skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Jóns Oddssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 35.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál það, sem gagnáfrýjanda var falið á árinu 1986 að fara með fyrir Hæstarétti af hálfu aðaláfrýjanda, var til orðið vegna viðskipta milli iðnfyrirtækis á Akureyri og erlendis búsetts Íslendinga, er hafði með höndum sölu á vefnaðarvörum frá fyrirtækinu í heimalandi sínu. Var aðaláfrýjandi tengdur viðskiptunum vegna þess, að hann hafði á tilteknu stigi þeirra gefið út víxil, samþykktan af söluaðil-anum, að fjárhæð 500.000 danskar krónur, með áritun þess efnis,

að hann væri til tryggingar vegna vörubirgða hjá söluaðilanum frá tilteknum tíma. Var víxill þessi afhentur iðnfyrirtækinu sem ábyrgðarskuldbinding af hálfu söluaðilans og aðaláfrýjanda.

Umrætt mál var höfðað gegn aðaláfrýjanda á heimavarnarþingi hans til greiðslu á allri fjárhæð víxilsins ásamt vöxtum frá afsagnardegi hans í júní 1985. Áður en til þess kom, höfðu iðnfyrirtækið og söluaðilinn átt í áralöngu stappi út af viðskiptunum og uppgjöri þeirra, og hafði það þegar leitt til málaferla í heimalandi hins síðarnefnda, þar sem hann hélt uppi margvíslegum vörnum við greiðslukröfum fyrirtækisins. Útivist varð í málinu af hálfu aðaláfrýjanda, áður en varnir komu fram, en ljóst er af atvikum, að hann hugðist reyna að koma að ýtrustu vörnum gegn stefnukröfunni, bæði vegna víxilsins sjálfs og þeirra viðskipta, er að baki honum lágu. Meðal annars taldi hann víxilrétt fyrndan á hendur sér og víxilkröfuna haldlausu miðað við þær forsendur að afhendingu víxilsins, sem áritun á hann gæfi til kynna.

Ljóst virðist á sama hátt, að aðaláfrýjandi og lögmaður hans í héraði, sem einnig hafði hag af áfrýjun málsins til Hæstaréttar, ætluðust til þess af gagnáfrýjanda, að hann léti reyna á ýtrustu möguleika til að koma við vörnum af þessu tagi fyrir Hæstarétti þrátt fyrir útivistina. Þurfti hann meðal annars að kynna sér viðskiptin að baki víxlinum og hin erlendu málaferli, og voru tilraunir hans til að draga þau inn í málið greinilega hafðar uppi í fullu umboði aðaláfrýjanda, hvað sem um þær má segja að öðru leyti. Vegna útivistarinnar var og eðlilegt að reyna að skýra þá hagsmuni, sem aðaláfrýjandi ætti í húfi. Fyrir Hæstarétti var málið flutt bæði um form og efni, eins og undirbúningur gagnáfrýjanda stóð til. Úrslitin urðu þau, að málinu var vísað frá héraðsdómi vegna formsatriðis, sem héraðsdómara bar að gæta sjálfkrafa. Var kvöð útivistarinnar þar með létt af aðaláfrýjanda, þótt hann væri ekki laus undan víxilkröfunni. Í síðara máli út af henni hefur hann ekki leitað aðstoðar gagnáfrýjanda, en haft uppi ýmsar varnir, sem einnig komu fram í höndum gagnáfrýjanda.

Í greinargerð aðaláfrýjanda í héraði er að finna svigurmæli í garð gagnáfrýjanda þess efnis, að hann hafi reynt að flækja málið að óþörfu. Verður að ætla, að þau lýsi hugarfari fyrirsvarsmanna aðaláfrýjanda um þær mundir, er hann bauð gagnáfrýjanda greiðslu

fyrir verk sitt. Þessi svigurmæli eru ekki aðeins ósönnuð, eins og staðfest er í héraðsdómi, heldur virðast þau koma úr hörðustu átt. Lögmaður aðaláfrýjanda hér fyrir dómi hefur og dregið ummælin til baka, en áréttað, að gagnáfrýjandi eigi aðeins rétt á hæfilegri lögmannspóknun, eftir því sem almennt eigi við í máli af þessu tagi.

Aðaláfrýjandi neytti ekki þess úrræðis að bera ágreining aðila undir stjórn Lögmannafélags Íslands, sbr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Við ákvörðun á þóknun gagnáfrýjanda fyrir aðstoð hans við aðaláfrýjanda ber að lita til þeirra atvika um meðferð málsins og úrslit, sem lýst er í atkvæði meiri hluta dómenda. Með hliðsjón af þeim og því, sem að framan er rakið, tel ég, að þóknun hans á grundvelli 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 væri hæfilega ákveðin 240.000 krónur að meðtöldum útlögðum kostnaði og kostnaði við ágrip dómsgerða. Frá þeirri fjárhæð bæri að draga greiðslur aðaláfrýjanda til hans á árinu 1986, samtals 85.000 krónur. Mismuninn ætti aðaláfrýjandi að greiða honum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá birtingardegi stefnu í héraði, 30. september 1988, auk hæfilegs málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. september 1988, af Jóni Oddssyni hrl., kt. 050141-4549, Ásbúð 102, Garðakaupstað, á hendur Andra hf., umboðs- og heildverslun, kt. 570267-0199, Ármúla 28, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð kr. 478.300, með 56,4% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 1. september s.á., en með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en með ársvöxtum skv. 10. gr. I. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989, og reiknist síðan af þannig samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta, allt í samræmi við 12. gr. I. nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ auk sérstaks sölugjalds, sbr. I. nr. 1/1988, að mati réttarins og skv. framlögðum málskostnaðarreikningi. Þá er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og málskostnaður tildæmdur stefnda úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Sættir voru reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður helstu málavexti vera þá, að forsvarsmenn stefnda hafi falið stefnanda að annast áfrýjun á dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 20. júní 1986 í áskorunarmálinu nr. 3012/1986: Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, gegn Andra hf. Hafi stefnandi m.a. tekið að sér gerð áfrýjunarstefnu, þingfestingu og mót fyrir Hæstarétti Íslands, ágripsgerð og gagnasöfnun ásamt munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti Íslands. Hafi umrætt verk verið viðamikið og kostnaðarsamt. Málinu hafi upphaflega verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. september 1986, en síðan felldu niður með útvistardómi 1. apríl 1987, þar sem gallar voru á málalíbúnaði þess lögmanns, er samið hafði þá áfrýjunarstefnu. Málinu hafi því verið skotið að nýju með stefnu 22. apríl 1987 samkvæmt heimild í 36. gr. 1. nr. 75/1973. Dómur hafi gengið í málinu 19. maí 1988 að afloknum munnlegum flutningi málsins.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi hin áfrýjaða dómsathöfn verið úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti hafi verið felldur niður.

Í héraði hafi stefndi verið dæmdur til að greiða gagnaðila skuld, að fjárhæð d.kr. 500.000, auk tilgreindra vaxta frá 19.6. 1985 til greiðsludags, d.kr. 220 í afsagnarkostnað og ísl. kr. 172.700 í málskostnað. Í héraði hafi orðið útvist af hálfu stefnda.

Hinn 24. maí 1988 hafi stefnda verið ritað bréf og gerð krafa um eftirstöðvar skuldar vegna starfa stefnanda og skuldin þá tilgreind sem kr. 489.485. Símskeyti hafi borist frá lögmanni stefnda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., þar sem óskað hafi verið eftir sundurliðun útlagðs kostnaðar. Með bréfi til þess lögmanns, dags. 8. júní 1988, hafi þeirri fyrirspurn verið svarað.

Með bréfi til stefnanda frá Ólafi Sigurgeirssyni hdl. f.h. Róberts Árna Hreiðarssonar hdl., dags. 21. júní 1988, hafi stefnanda verið send greiðsla með ávísun, að fjárhæð kr. 35.000, sem talin hafi verið hæfileg greiðsla vegna umræddrar skuldar. Því bréfi hafi stefnandi svarað með bréfi til Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. 22. júní 1988 og kröfur ítrekaðar. Jafnframt hafi stefnda verið sent innheimtubréf 7. júlí 1988 með greiðslutilmælum um eigi síðar en 14. júlí 1988. Þar sem stefndi sinnti eigi greiðslutilmælum, hafi verið ritað bréf til gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands, dags.

8. júlí 1988, en nefndin hafi tekið málið til meðferðar 19. september 1988. Samkvæmt ályktun gjaldskrárnefndar hafi málflutningsþóknun stefnanda vegna umrædds máls verið talin vera skv. gjaldskrá LMFÍ, 2. tl. 5. gr., kr. 455.907 auk söluskatts og útlagðs kostnaðar. Hinn 21. september 1988 hafi stefnda verið sent bréf með greiðslutilmælum fyrir 28. september 1988 og skuldin sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

1. Útlagður kostnaður	kr.	52.684
2. Sbr. ályktun gjaldskrárnefndar v/málflutningsþóknunar	kr.	455.907
3. 12% sérstakt sölugjald, sbr. 1. 1/1988	kr.	54.709
	Samtals	kr. 563.300
4. Fráðregin innborgun	kr.	85.000
	Samtals	kr. 478.300

Umræddar eftirstöðvar, kr. 478.300, séu stefnuþjárhæðin, en rétt þyki að krefjast eigi dráttarvaxta nema frá 1. ágúst 1988. Umræddur tékki, kr. 35.000, hafi eigi verið innleystur af stefnanda, þar sem skilyrði hafi verið fyrir því í umræddu bréfi, að um fullnaðargreiðslu væri að ræða af hálfu stefnda. Þar sem umrædd skuld hafi eigi fengist greidd, sé málsókn þessi nauðsynleg.

Samkvæmt hlutafélagaskrá sé stefndi skrásett hlutafélag með varnarþing í Reykjavík.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi vísar til þess, að honum sem hæstaréttarlögmanni hafi verið falin af forsvarsmönnum stefnda umrædd lögmannsstörf fyrir hönd stefnda. Umræddur reikningur sé saminn með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og síðan með vísan til ályktunar gjaldskrárnefndar LMFÍ.

Vísað sé einkum til l. nr. 1/1988 og l. nr. 25/1987, reglna á sviði fjármunaréttar, einkum kröfu- og samningaréttar, sbr. l. nr. 39/1922 og l. nr. 7/1936.

Málavaxtalýsing stefnda.

Málavexti kveður stefndi vera þá, að 22. apríl 1986 hafi verið þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur dómsmál til innheimtu tryggingarvixils, að fjárhæð d. kr. 500.000, sem stefndi í máli þessu var útgefandi að. Hafi hann falið lögmanni sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., að halda uppi vörnum fyrir sig. Til þess hafi þó ekki komið, þar sem málið var hafið 21. maí s.á. vegna útivistar stefnanda.

Nýtt dómsmál hafi síðan verið þingfest 3. júní 1986, og hafi átt að fá frest í því máli til 24. júní s.á. til framlagningar greinargerðar. Vegna mistaka við mætingu í bæjarþinginu hafði málið verið dómtekið á þingfestingardeginum, og hafi greinargerðin því ekki komist inn í það. Þetta hafi stefndi ekki frétt fyrr en um haustið, er lögmaður stefnanda mætti hjá honum ásamt fólga til fjárnámsgerðar.

Það eina, sem hægt hafi verið að gera í stöðunni, hafi verið að áfrýja dóminum til Hæstaréttar Íslands, og hafi það verið gert með áfrýjunarstefnu, útgefinni 18. september 1986 af lögmanni stefnda, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl. Það mál hafi síðan verið fellt niður með útvistardómi 1. apríl 1987, þar sem hæstaréttarlögmaðurinn, sem stefndi hafði fengið til að flytja málið fyrir sína hönd, hafi í einfeldni sinni haldið, að gallar væru á málalilbúnaði í fyrri stefnu, þar sem ekki væri vísað til 45. gr. 1. nr. 75/1973. Strax á þessum tíma hafi verið nokkuð greinilegt eftir á séð, að hæstaréttarlögmaðurinn, stefnandi þessa máls, hafi ætlað að gera þetta einfalda víxilmál að viðamiklu og flóknu hæstaréttarmáli til þess eins að réttlæta háan málskostnaðarreikning, sem hann hafi þá verið búinn að ákveða að senda stefnda að því loknu.

Í Hæstarétti Íslands hafi farið fram munnlegur flutningur, og síðan hafi gengið dómur 19. maí 1988, þar sem hin áfrýjaða dómsathöfn var úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti hafi verið felldur niður.

Með bréfi, dagsettu 24. maí 1988, hafi stefnandi þessa máls sent stefnda reikning fyrir störf sín í þágu stefnda, að fjárhæð alls kr. 574.485, að frá-dregnum kr. 85.000, er greiddar höfðu verið.

Liður 1 í reikningnum hafi verið vegna útlagðs kostnaðar, og hafi verið beðið um útskýringar á þeim lið, þar sem ótrúlegt hafi þótt, að stefnandi hefði orðið að leggja út kr. 52.684 vegna stefnda. Skýringar hafi einungis fengist á útlögðum kr. 2.355 í bréfi, dags. 6. júní 1988. Í sama bréfi hafi verið greint frá miklum pappírskostnaði. Samkvæmt upplýsingum frá seljendum slíks pappírs næmi kostnaður við hann innan við kr. 1.500, og séu því óútskýrðar kr. 48.829 þrátt fyrir tilburði til skýringar í áðurnefndu bréfi.

Fyrirsvarsmanni stefnda hafi fundist allur þessi reikningur undarlega hár, og hafi hann aldrei fengið neinn pata af því, að gjaldtaka yrði með þessum hætti. Hann hafi því falið lögmanni sínum, Róbert Árna Hreiðarssyni hdl., að ganga frá uppgjöri á skynsamlegan hátt. Vegna fjarveru Róberts hafi Ólafur Sigurgeirsson hdl. séð um uppgjörið. Til þess að finna eðlilega uppgjörstölu hafi hann fengið álit margra hæstaréttarlögmannna á, hver væri hæfileg greiðsla, og hafi flestir verið sammála um, að kr. 120.000 væri sanngjörn þóknun. Í framhaldi af því hafi verið send ávisun, að fjárhæð

kr. 35.000, í viðbót við þær kr. 85.000, sem þegar höfðu verið greiddar, og það hafi verið tilkynnt, að um lokagreiðslu væri að ræða, þ.e. þóknun, útlagt og söluskatt.

Stefnandi hafi aftur á móti talið sig geta byggt trausta kjölfestu undir málshöfðun á hendur stefnda með því að fá álit gjaldskrárnefndar á reikningi sínum og hafi því borið annan lið hans undir nefndina, og hafi hún ályktað 19. september 1988 um málflutningsþóknun til handa stefnanda og lækkaði útreikning hans um sem næst kr. 10.000. Um liðinn „Útlagður kostnaður“ hafi nefndin ekki fjallað.

Að fenginni þessari ályktun hafi stefnda enn verið sent kröfubréf og í framhaldi af því stefna.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á þeirri málsástæðu, að stefnandi eigi enga fjárkröfu á hendur sér, þar sem hann hafi fengið lögmannsþóknun sína að fullu greidda með innborgun, kr. 85.000, og síðan með tékka, að fjárhæð kr. 35.000, sem stefnandi hafi tekið við, sbr. réttarskjal nr. 6, skjal g. Það sé fullnaðargreiðsla með öllu inniföldu.

Í 2. gr., 2. mgr., 1. nr. 61/1943 um málflytjendur segi: „Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærri endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.“ Í 1. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands segi, að lögmönnum sé rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki, sem í té sé látið, og þeim hagsmunum, sem um sé fjallað. Í 3. gr. segi síðan, að gjaldskráin sé leiðbeinandi um endurgjald fyrir störf lögmanna, og megi víkja frá henni til hækkunar eða lækkunar.

Það, sem helst megi lesa úr þessum línunum, sé það, að lögmaður geti gert samning við skjólstæðing sinn um, hvernig reikna skuli málflutningsþóknun, áður en málarekstur hefst, og séu slíkir samningar heimilir bæði til lækkunar og hækkunar frá gjaldskrá. Þetta eigi einnig stóð í Codes ethicus fyrir LMFÍ, 10. gr., sem telji það til góðra lögmannshátta að gera skjólstæðingi fyrir fram grein fyrir áætluðum verkkostnaði, svo að hann viti nokkurn veginn, hvað honum beri að greiða. Þetta ákvæði í Codex sé sett til að koma í veg fyrir kær- og klögumál.

Enn fremur megi lesa út úr framangreindum línunum, að gjaldtaka lögmanns skuli ekki síst miðuð við það verk, sem í té sé látið, og sé slíkt í samræmi við reglur allra starfsstétta í þjóðfélaginu, að menn fái greitt eftir vinnuframlagi fyrst og síðast.

Gjaldskrá LMFÍ sé því góður grundvöllur undir gjaldtöku lögmanns vegna einstakra verkefna, er gengið sé til samninga við skjólstæðing, og

einnig án sérstaks samnings, ef þóknunin teljist hæfileg í skilningi 2. mgr. 2. gr. 1. nr. 61/1942.

Oft verði ágreiningur um endurgjald fyrir málflutning, og sé þá annaðhvort, að stjórn Lögmannafélags Íslands gefi álit sitt, eða að dómstólum sé falið að skera úr. Dómstólarnir hafi ekki talið sig bundna af áðurnefndri gjaldskrá og hafi margoft vikið til hliðar ákvæðum hennar nema þeim, sem lúti að innheimtutöxtum í skriflega fluttum málum, en þeim innheimtutöxtum hafi stefnandi fylgt, er hann samdi reikning sinn fyrir störf sín varnar megin í innheimtumáli munnlega fluttu.

Við athugun á dómum Hæstaréttar tímabilið 8. mars 1988 til 17. maí s.á., hvað varðar málskostnað, komi í ljós, að í þeim málum, þar sem til-dæmdur málskostnaður milli aðilja var yfir kr. 100.000, hafi verið um að ræða stór og flókin mál með mikla hagsmuni í húfi, en ekki fábrotið víxilmál eins og það, sem fjallað sé um í þessu máli.

Af framanrituðu dragi stefndi þá ályktun, að gjaldtaka stefnanda sé allt of há miðað við vinnuframlag hans. Stefnandi hafi aldrei gert stefnda grein fyrir, hversu hár reikningurinn yrði, og hafi hann því komið sem reiðarslag yfir stefnda, sem vegna mistaka hafi ekki getað varist í héraðsdómi.

III.

Niðurstaða.

Það liggur fyrir, að stefnandi máls þessa tók að sér flutning umrædds víxilmáls í Hæstarétti fyrir stefnda í máli þessu. Á hann því rétt á þóknun fyrir það.

Gögn málsins bera með sér, að stefnandi hefur lagt allnokkra vinnu í undirbúning málsins og gagnaöflun, og hefur því ekki verið hnekkkt. Er ósönnuð sú staðhæfing stefnda í greinargerð hans, að stefnandi hafi ætlað að gera einfalt víxilmál að flóknu hæstaréttarmáli til þess eins að réttlæta háan málskostnaðarreikning.

Ekki liggur fyrir, að aðiljar hafi samið um sérstaka þóknun fyrir flutning málsins. Má því fallast á það með stefnanda, að um greiðslur skuli fara eftir þágildandi gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en stefnandi byggir kröfur sínar á henni með vísan til ályktunar gjaldskrárnefndar LMFÍ, sem ályktaði um hæfilega málflutningsþóknun honum til handa, sbr. dskj. nr. 4. Eru hinir fjárhagslegu hagsmunir skv. 2. tl. 5. gr. gjaldskrárinnar taldir vera þann 19. maí 1988 kr. 4.563.000. 2. töluliður gjaldskrár þeirrar, sem í gildi var á þessum tíma, er svohljóðandi: „Fyrir málflutning í Hæstarétti skal þóknun vera kr. 26.750 að viðbættum 15% af stefnufjárhæð, allt að kr. 1.450.680, 7% af næstu kr. 2.902.070 og 4% af því, sem umfram er.“ Í 3. tölulið gjaldskrárinnar segir, að reikna skuli málflutningslaun af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta. Í máltilbúnaði stefnanda og

kröfugerð er ekki vísað til þessa liðar, heldur einungis til 2. tl. 5. greinar. Þykja því þegar af þeim sökum ekki efni til að taka til greina kröfu stefnanda um lögmannspóknun af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Samkvæmt upplýsingum hagfræðideildar Seðlabanka Íslands var sölu-gengi danskrar krónu 19. maí 1988 kr. 6,6959, og nam því höfuðstóll víxils-ins ísl. kr. 3.347.950. Málskostnaður skv. 2. tl. 5. gr. gjaldskrár LMFÍ að viðbættum 12% söluskatti reiknast því kr. 422.420. Þá hefur stefnandi krafist útlagðs kostnaðar, kr. 52.684, en þeim kostnaði hefur verið andmælt sem ósonnuðum að frátöldum kr. 2.355. Þar sem stefnandi hefur ekki lagt fram kvittanir fyrir útlögðum kostnaði, verður hann einungis tekinn til greina með kr. 2.355, sem er ómótmælt, eins og áður greinir. Telst því hæfileg póknun til handa stefnanda kr. 424.775. Óumdeilt er, að greiddar hafi verið inn á þá fjárhæð kr. 85.000. Þá liggur fyrir, að stefnandi fékk senda sem greiðslu ávisun, að fjárhæð kr. 35.000, sem hann veitti viðtöku, en hefur ekki innleyst. Dregst sú fjárhæð ásamt framangreindri innborgun, kr. 85.000, frá kröfufjárhæðinni. Ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 304.775 ásamt vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá ber stefnda að greiða stefnanda kr. 85.000 í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Vextir dæmast af málskostnaði, eins og greinir í dómsorði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Andri hf., umboðs- og heildverslun, Ármúla 28, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., Ásbúð 102, Garðakaupstað, kr. 304.775 með 40,8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988 til 1. september s.á., en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., en með árs-vöxtum skv. 10. gr. I. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1989, og dráttarvextir reiknist síðan af þannig samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta, allt í samræmi við 12. gr. I. nr. 25/1987. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 85.000 í málskostnað, og ber máls-kostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.